

Sveitarfélagið Ölfus  
Ólafur Áki Ragnarsson  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn

Umhverfisstofnun	
Ab.	ÖA
15 SEPT. 2004	
54.22	
TIL UST20040800104	

UST

*Umhverfisstofnun*

Umhverfisstofnun um ómsagnar Umhverfisstofnunar um umfjöllun í aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014  
þar sem ómsagnar um umfjöllun í aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014  
er til erindis sveitarfélagsins Ölfuss, dags. 24. ágúst sl., þar sem óskað er  
umsagnar Umhverfisstofnunar um umfjöllun í aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014 um  
Þórustaðanámum.

14. september 2004

Tilvísun: UST20040800104/6á

### Aðalskipulag Ölfuss 2002-2014, Þórustaðanámur

Vísað er til erindis sveitarfélagsins Ölfuss, dags. 24. ágúst sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umfjöllun í aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014 um Þórustaðanámur.

Skipulagsstofnun hefur úrskurðað á þá leið að hér sé ekki um nýtt efnistökusvæði að ræða heldur verulega viðbót á núverandi efnistöku og framkvæmdin sé því tilkynningaskyld, sbr. 6. gr. og 13. tl. 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Öll umfjöllun stofnunarinnar um fyrirhugaða námu á þessu stigi máls er því sett fram með fyrirvara. Afstaða stofnunarinnar gagnvart námunni kann að breytast þegar fyrir liggja gögn um umhverfisáhrif hennar í samræmi við 10. gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

#### *Upplýsingar um vinnslu og frágang*

Umhverfisstofnun bendir að skv. 47. gr. laga um náttúruvernd er óheimilt að gefa framkvæmdaleyfi fyrir námunni fyrr en að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar sveitarfélagsins.

Benda má á að ekki þarf að leita umsagnar Umhverfisstofnunar skv. 47. gr. laga um náttúruvernd ef fyrir liggur umsögn stofnunarinnar um aðalskipulag skv. 33. gr. sömu laga þar sem náman er tilgreind. Umhverfisstofnun telur að til þess að geta gefið fullnægjandi umsögn um þennan nýja efnistökustað í aðalskipulagi verði stofnuninni að berast áætlanir um efnistöku og upplýsingar um vinnslutíma og frágang, í samræmi við ákvæði 48. og 49. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

#### *Vatnsvernd*

Í kafla 3.2 í skipulagsreglugerð kemur fram að samráð skuli haft við Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefnd um flokkun strandsvæða og vatnasvæða, sbr. 4.21. og ákvæði mengunarvarnarreglugerðar.

Sú afmörkun námannar sem lögð er til í skipulagsdrögunum mun liggja innan vatnsverndarsvæðis, bæði grann- og fjarsvæðis. M.t.t. til ákvæða reglugerðar nr. 796/1999 m.s.br. um varnir gegn verndun vatns, er ljóst að efnistakan kann að vera í ósamræmi við þessa vatnsvernd og því annmörkum háð eða jafnvel ósamræmanleg við vatnsvernd á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að heilbrigðisnefndum, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar ber að sjá um að ákvæðum reglugerðar 796/1999 m.s.br. sé fylgt. Í þessu tilfelli hafa vatnsverndarsvæði verið skilgreind og við þá


skilgreiningu hefur heilbrigðisnefnd tekið mið af vatnafræðilegum, jarðfræðilegum og landfræðilegum aðstæðum á vatnasviði vatnsbólsins, mikilvægi þess og mengunarhættu, sbr. 13. gr. ofangreindrar reglugerðar.

Benda má á að skv. 12. gr. reglugerðar um varnir gegn mengun vatns hafa sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir heimild til að grípa til sérstakra ráðstafana til að koma í veg fyrir að gæði vatns sem tekið er til neyslu geti hrakað eða spillst. Þessar ráðstafanir felast, auk ákvörðunar um verndarsvæði, í setningu heilbrigðissamþykkta, sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem gerðar eru takmarkanir viðvíkjandi umferð, landnýtingu og meðferð og geymslu hættulegra efna innan verndarsvæðanna, sbr einnig 13. gr. ofangreindrar reglugerðar varðandi starfsemi innan fjarsvæða og grannsvæða. Að mati Umhverfisstofnunar verður í þessu tilfelli að meta hvort þörf sé á sérstökum takmörkunum varðandi landnýtingu til að tryggt sé að vatnsgæðum sé ekki spillt. Mengun, eða jafnvel skortur á neysluvatni geta haft alvarlegar afleiðingar í för með sé, s.s. stöðvun matvælavinnslu á svæðinu.

Umhverfisstofnun telur að ekki sé verjanlegt að marka fyrir efnistökusvæði á þann máta sem gert er í skipulagi fyrr en sýnt sé að efnistakan spilli ekki neysluvatni á svæðinu. Jafnframt sé mikilvægt að afmörkun á vatnsverndarsvæðum sé byggð á vísindalegum grunni, og taki ekki mið af öðrum hagsmunum. Svo hægt sé að gefa fullnægjandi umsögn um vatnsverndarmál í aðalskipulagi sveitarfélagsins Ölfuss, með hliðsjón af mörkum nýs efnistökussvæðis í Ingólfssfjalli, þarf Umhverfisstofnun því að berast eftirfarandi gögn:

1. Gögn um staðsetningu viðkomandi vatnsbóla, og magn vatnstöku við Ingólfssfjall;
2. Afmarkanir á vatnsverndarsvæðum á og við Ingólfssfjall; og
3. Jarðfræðileg gögn á vatnsverndarsvæðum við Ingólfssfjall.

Virðingarfyllst,



Olafur Arnason



Helgi Þensson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands  
Skipulagsstofnun